
Kolla & kúltúrinn



kolbrun@bladid.net


Í stöðugum meðbyr sljóvgast sál

Grímur Thomsen



Afmælisbörn dagsins

FRANÇOIS TRUFFAUT LEIKSTJÓRI, 1932
RONALD REAGAN FORSETI, 1911
BOB MARLEY TÓNLISTARMAÐUR, 1945



Að hverju leitar þýðandinn?

Fimmtudaginn 8. febrúar kl. 16:30 heldur Guðbergur Bergsson fyrirlestur í Lögbergi, stofu 101. Fyrirlesturinn „Að hverju leitar þýðandinn?“ er haldinn í tilefni þess að 40 ár eru liðin frá útgáfu bókarinnar Hundrað ára einsemd eftir Gabriel García Márquez. Í fyrirlestri sínum mun Guðbergur leitast við að skilgreina hvað það er sem þýðandi verður að finna til þess að geta þýtt sómasamlega. Einnig mun Guðbergur lýsa því hvernig hann kemst að kjarna verks í textanum um leið og hann leitar að hliðstæðu hans innra með sjálfum sér.

Fjallað verður sérstaklega um hvaða munur felst í að þýða úr sama máli tvö sígild skáldverk, annars vegar Don Kíkóta sem „sígilt“ gamalt verk og hins vegar Hundrað ára einsemd sem „sígilt“ nútímaverk.

Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur „þýðing öndvegisverka“ þar sem þýðendur koma og fjalla um þýðingu sína á einhverju öndvegisverki heimsbókmenntanna.



Landbrot Hrafnhildar

Fimmtudaginn 8. febrúar kl. 17:00 verður opnuð í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, sýning á málverkum Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur. Á sýningunni eru tæplega 40 málverk, máluð á þessu ári og því síðasta og eru öll verkin olíumálverk.

Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1984. Hún rak eigin auglýsingastofu um 15 ára skeið en söðlaði um fyrir 9 árum og helgar sig nú eingöngu myndlistinni.

Málverk Hrafnhildar Ingu eru gjarnan af íslenskri náttúru. Fossar, lækir og lænur, álar og vötn og aurar eru einkennandi fyrir þessa sýningu sem ber heitið Landbrot. Þar er vísað til breytinga í íslenskri náttúru, bæði af manna og náttúrunnar völdum. Myndirnar eru minningarbrot frá ferðalögum um Ísland, sýn listakonunnar yfir landið úr fjallgöngum, gönguferðum og öðrum ferðalögum.

Þetta er sjötta einkasýning Hrafnhildar Ingu, en að auki hefur hún tekið þátt í nokkrum samsýningum.



Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir *„Þótt Erró byggi í myndum sínum á efni frá ýmsum tímabilum, bæði myndasögum og skopmyndum í þessu tilviki, þá er hann alltaf að fást við nútímann, stundina sem er hér og nú.“* Blaðið/Eyþór

Vatnslitamyndir eftir Erró

Hin gleymda framtíð

Í Listasafni Reykjavíkur stendur yfir sýning á tæplega hundrað vatnslitamyndum eftir Erró frá árunum 1981 - 2006. Sýningin ber yfirskriftina Gleymd framtíð. „Listasafnið á stórt safn verka eftir Erró og það hefur verið regla að skipta um Erró-sýningar tvisvar á ári í þeim tveimur sölum safnsins sem eru ætlaðir fyrir myndlist Errós. Í þetta sinn vildum við sýna verk sem eru ekki úr okkar safneign,“ segir Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir sýningarstjóri. „Erró hefur undanfarið verið að sýna mikið af vatnslitamyndum sem við eigum lítið af í okkar safni. Ég leitaði til hans og vissi að hann hafði verið með stóra vatnslitasýningu í galleríi í París á síðasta ári og spurði hvort það væri möguleiki að við fengjum til okkar svipaða sýningu. Hann safnaði saman bæði eigin verkum og svo myndum sem voru á sýningunni í París og þessi sýning er afrakstur þess. Þetta er ekki sama sýning og var í galleríinu í París en samskonar verk. Þetta eru vatnslitaverk unnin á sama hátt og Erró vinnur málverkin sín. Hann leitar fanga í ýmsa prentmiðla, aðallega í myndasögur sem hann býr til klippimyndir úr og málar vatnslitamyndir eftir þeim.“

Myndir um nútímann

Þorbjörg segir að í vatnslitamyndum sínum sé umfjöllunarefni Errós það sama og í málverkunum. „Við köllum sýninguna Gleymd framtíð og það er sama nafn og var á sýningu Errós í París. Þetta er flottur titill og þótt sýningin sé ekki alveg sú sama þá er inntakið hið sama. Þótt Erró byggi í myndum sínum á efni frá ýmsum tímabilum, bæði myndasögum og skopmyndum í þessu tilviki, þá er hann alltaf að fást við nútímann, stundina sem er hér og nú. Þegar maður rýnir í myndir hans sér maður að þær eru margar mjög pólitískar. Titillinn Gleymd framtíð felur þetta í sér. Mannkynið er alltaf að endurtaka mistök sín eins og stríðin í heiminum sýna. Maður gæti ályktað að menn gætu lært af sögunni en það virðist aldrei gerast. Nútíminn er alltaf jafn hissa. Erró segist reyndar ekki vera pólitískur, sem getur ekki verið alveg rétt, en hann segir að það sé undir hverjum og einum áhorfanda komið hvað hann lesi út úr þeim táknum sem hann gefur í myndum sínum.“

Skemmtileg þróun

Spurð um þróunina í vatnslitamyndum Errós segir Þorbjörg: „Það má sjá þróun í tækninni hjá honum. Yfirborð málverka Errós er mjög fágað og áferðarfallegt líkt og hönd listamannsins sé þar víðs fjarri. Vatnslitir eru vandmeðfarnari og þurfa öðruvísi meðhöndlun. Eldri vatnslitamyndirnar eru nokkuð líkar málverkunum, vatnslituinn er meira þekjandi, en síðan fer hann að nýta sér meir eiginleika vatnslitarins og áferð verkanna verður léttari og frjálslegri. Í seinni tíð hefur Erró tekið upp á því að gera málverk eftir vatnslitamyndunum sem upphaflega eru byggðar á þeirri sömu tækni og hann hefur þróað með sér frá 6. áratug síðustu aldar – það er klippimyndum unnum úr öllu því fjölþætta myndefni sem sett hefur verið á prent í veröldinni. Nú er hann farinn að mála málverk eftir vatnslitamyndunum sjálfum sem er skemmtileg þróun í myndlist hans.“

menningarmolinn

Mýs og menn koma út

Á þessum degi árið 1937 kom út skáldsagan Mýs og menn eftir John Steinbeck sem fjallar á áhrifamikinn hátt um vináttu tveggja farandverkamanna. Steinbeck gerði leikgerð eftir sögunni sem var frumsýnd þetta sama ár. Mýs og menn komu Steinbeck í sviðsljósið en hann hafði vakið athygli tveimur árum áður með hinni vel heppnuðu skáldsögu Tortilla Flat. Mýs og menn telst meðal meistaraverka Steinbecks og er enn mikið lesin og vinsæl á lestrarlistum í skólum víða um heim.

Árið 1939 sendi Steinbeck frá sér þekktustu sögu sína, Þrúgur reiðinnar, um örlög fjölskyldu sem missir jörð sína og eignir í kreppunni miklu og ferðast til Kalifornía í leit að betra lífi. Steinbeck hlaut Pulitzer-verðlaunin fyrir bókina. Hann hreppti síðan Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1962. Hann lést árið 1968.

